

Nd.

155. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1952 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1953. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefna frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsg. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

- a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
- b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsg., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en $\frac{2}{3}$ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánnum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Miklar framfarir hafa orðið í íslenskum landbúnaði á síðari árum, ræktun aukin, húsakynni bætt og vélar fengnar til margháttaðra starfa. Þessi þróun hefur þó aldrei verið örari en um þessar mundir. — En örur og stórfelldar framfarir kosta mikið fjármagn.

Landbúnaðurinn fékk hlutfallslega lítið móts við sumar aðrar atvinnugreinar af þeim miklu fjármunum, sem þjóðin eignaðist á stríðsárunum. Af þeim hluta stríðs-

gróðans, sem lagður var á nýbyggingarreikning og nam jafnvirði 300 millj. kr., fór aðeins 21 millj. kr., þ. e. 7 af hundraði, fyrir landbúnaðartæki, en 93 af hundraði fyrir skip, vélar og efni til framkvæmda á öðrum sviðum. Af þessu leiðir, að þörf á fjármagni landbúnaðinum til handa er nú enn þá meiri en ella.

Að tilhlutun Stéttarsambands bænda hefur verið gerð áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir í sveitum tíu næstu árin. Áætlað er, að bústofn landsmanna aukist að miklum mun næsta áratug. Sauðfé hefur fækkað mjög að undanfögnu sökum sjúkdóma og niðurskurðar fjár af þeirra völdum. En vonir standa til, að sauðfjársjúkdómum verði útrýmt á fáum árum með fjárskiptum. Áætlað er, að sauðfé muni fjölga svo á næstu árum, að það verði eins margt í landinu og áður var, meðan það var flest. Enn fremur er áætlað, að nautgripum fjölgi um þriðjung frá því sem nú er. Jafnframt því að búfé landsmanna fjölgar þarf ræktun að aukast, svo að tryggt sé nægilegt fóður. Talið er, að til þess þyrfti að rækta 28 þús. ha lands til viðbótar því, sem nú er fullræktað. Kostnaður við það er áætlaður 140 millj. kr. Enn fremur þarf mikið fjármagn til kaupa á ýmsum vélum, stórum og smáum, fyrir landbúnaðinn. Talið er, að endurbyggja þurfi kringum 2000 íbúðarhús í sveitum á næstu árum, og er kostnaður við það áætlaður 270 millj. kr., en kostnaður við hlöður, peningshús, verkfærageymslur, mjólkurbú, sláturhús og frystihús er áætlaður yfir 300 millj. kr. Samkvæmt þessari áætlun Stéttarsambands bænda þarf að verja alls til fjárfestingar í sveitum 1000—1220 millj. kr. næstu 10 ár.

Að sjálfsögðu standa bændur sjálfir straum af þessum framkvæmdum að nokkru leyti með vinnu sinni og eigin fé. En hér er um svo mikið fjármagn að ræða og svo stórfelldar framkvæmdir, að áætlað er, að þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé nemi 53 millj. kr. árlega næsta áratug.

Á það ber að líta, að í kjölfar þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, kemur aukin framleiðsla að sumu leyti til útflutnings og að öðru leyti til nota í landinu í stað varnings, sem inn er fluttur. Er talið, að hagnaður þjóðarbúsins gagnvart viðskiptum við útlönd geti numið rúmum 100 millj. kr. árlega vegna hinnar auknu framleiðslu í sveitum, sem miðað er við í áætlun Stéttarsambandsins.

Samkvæmt gildandi lögum hefur verið lagt fram af hálfu ríkisins allmikið fé til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbankans. Þrátt fyrir það geta þessar deildir bankans nú ekki fullnægt þeirri þörf, sem fyrir hendi er um lán til bygginga og ræktunar í sveitum, nema fjármagn þeirra verði aukið að miklum mun, og veðdeild bankans er algerlega fjárvana.

Samkvæmt manntali, sem fram fór 2. des. 1940 voru landsmenn þá 121474, en samkvæmt manntali 1. des. 1950, voru 144263 íbúar í landinu. Á síðastliðnum áratug hefur því mannfjöldinn vaxið um 22789 menn eða sem svarar 18.7 af hverju hundraði landsmanna. Öll fjölgun þjóðarinnar á þessum tíu árum hefur lent í kaupstöðum, því að í sýslum hefur fækkað um 750 menn á þessu tímabili. Frá 1940—1950 hefur fólki fjölgað í Reykjavík um 17900 eða um 47 af hundraði, í Hafnarfirði um 1379 eða 37 af hundraði, í Keflavík um 1045 eða 78 af hundraði og á Akranesi um 747 eða 41 af hundraði. Þessar tölur sýna, að í fjórum kaupstöðum við Faxaflóa hefur íbúatala vaxið svo á tíu árum, að það samsvarar nær allri fólksfjölgun í landinu á sama tíma. Orsakir þess eru af ýmsum toga spunnar, en sú er ekki veigaminnst, að til þessara staða, einkum Reykjavíkur, hefur dregizt miklu meira fjármagn en önnur héruð eiga yfir að ráða. En afleiðingin verður jafnvægisleysi, sem veldur miklum erfiðleikum og truflun á eðlilegum viðskiptum, skorti á húsnæði, kapphlaupi um þær íbúðir, sem á boðstólum eru, hærri húsaleigu en hóflegt er.

Gæði lands og sjávar eru ekki bundin við einn landshluta einvörðungu. Ef framhald verður á því, að æ fleira fólk sezt að í fáum kaupstöðum, en aðrar byggðir standa í stað eða dragast saman, leiðir það til þess, að fleiri og fleiri aðilar hverfa frá framleiðslustörfum, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, og að öðrum atvinnugreinum. Tvisýnt verður og um atvinnuhorfur, þar sem fjölmennið er mest, ef að krepptur og samdráttur verður á erlendu fjármagni, sem þjóðin nýtur góðs af.

Allstór hluti af stríðsgróðanum fór til sjávarútvegsins. Um þær mundir var þeirri skoðun á loft haldið, að þjóðin ætti fyrst og fremst að kosta kapps um að efla sjávarútveginn. Framleiðslu landbúnaðarafurða ætti að miða við innlendan markað einungis. En reynslan sannar því miður, að svipull er sjávarafli. Síldveiði er stopul, verksmiðjur standa lítt notaðar og aflaleysi er á miðum fiskibáta á stórum svæðum. Þrautaráðið er að sækja á fjarlæg mið, jafnvel til Grænlands, á stórum skipum með fullkomnum veiðitækjum. En því stórvirkari sem veiðarfærin verða og því víðara sem farið er til fanga, þeim mun meiri hættu er fiskistofninum búin.

Þegar á þetta er litið, er augljóst, að það er fyllilega tímabært að gera ráðstafanir, sem miða að því að auka jafnvægi í búsetu landsmanna og að því að efla landbúnaðinn, gera þeim fært, sem vilja hefja búskap í sveit, að fá hófleg lán með hagkvæmum kjörum til að koma fótum undir atvinnureksturinn. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

Frv. þetta fjallar aðeins um vissan þátt í starfsemi Búnaðarbankans. Flm. er það ljóst, að með samþykkt þess er ekki fengin allsherjarlausn á fjárförf landbúnaðarins framvegis. Og þótt telja megji vist, að það takist að tilhlutan ríkisstjórnar og Alþingis að bæta úr brýnustu þörf með lánsfé til bygginga og ræktunar í sveitum á þessu ári, og þótt Búnaðarbankinn fái allmikið fjármagn á næsta ári að láni frá Alþjóðabankanum, þá vantar mikið á, að nauðsynlegri starfsemi bankans í sambandi við þær stórfelldu framkvæmdir, sem eru á döfinni í sveitum landsins, sé að fullu borgið. Þess vegna telja flm. þessa frv. sjálfsagt og vilja treysta því, að nefnd sú, sem nú hefur til athugunar bankamál landsins í heild, taki fullt tillit til landbúnaðarins, er hún semur tillögur, og þeirra mikilvægu verkefna, sem Búnaðarbanka Íslands ber að styðja.